

# FOSSAR MARKAÐIR HF.

## SJÁLFBÆRNISTEFNA

### 1. Inngangur

Fossar markaðir hf. („Fossar“ eða „félagið“) er verðbréfafyrirtæki sem þjónustar innlenda og erlenda fjárfesta á sviði markaðsviðskipta, eignastýringar og fyrirtækjaráðgjafar.

Það er markmið Fossa að vera í fararbroddi íslenskra fyrirtækja í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni, bæði í eigin starfsemi og í gegnum víðtæk áhrif starfseminnar á viðskiptavini og aðra haghafa.

Sjálfbærnisjónarmið hafa ávallt verið höfð að leiðarljósi í starfsháttum félagsins og mun sjálfbærnistefna þessi miða að því að starfsemi og rekstur fyrirtækisins verði áfram til fyrirmyndar.

Við höfum sótt um aðild að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment (UN PRI). Með þeirri aðild mun félagið skuldbinda sig opinberlega til að innleiða og útfæra meginreglur þeirra í starfsemi sinni.

Fossar er aðili að IcelandSif, umræðuvettvangs um ábyrgar fjárfestingar, sem hefur það markmið að efla þekkingu á sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum. Starfsmenn Fossa eru þar virkir þátttakendur og eru fulltrúar í vinnuhópum á vegum samtakanna.

Fossar hafa fengið viðurkenningu CreditInfo frá árinu 2018 fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki. Félagið hefur einnig komist á lista Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri frá því að listinn kom fyrst út.

Sjálfbærnistefna þessi nær til starfsemi og reksturs Fossa. Starfsmenn hafa farið í gegnum stefnumótun og eru upplýst um stefnuna, markmið hennar og tilgang.

### 2. Starfsemi Fossa Markaða

Fossam er umhugað um að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Við erum meðvituð um áhrif loftslagsbreytinga og teljum það mikilvægt hlutverk félagsins að vera jákvætt hreyfiafl í gegnum starfsemina við miðlun og stýringu fjármagns. Rannsóknir hafa sýnt fram á að það að beina fjárfestingum í auknu mæli að sjálfbærum útgefendum hluta- og skuldabréfa getur dregið úr loftslagsáhættu. Fossar eru því í lykilhlutverki hvað það varðar.

#### 2.1 Miðlun fjármagns í þágu verkefna sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið

Sjálfbærni hefur verið samofin starfsemi Fossa frá upphafi.

Félagið hefur verið brautryðjandi í umsjón með útgáfu grænna skuldabréfa hérlendis, en græn skuldabréf eru gefin út til að fjármagna umhverfisvæn verkefni og eru öflugt tæki til að bregðast við loftslagsbreytingum. Félagið hafði umsjón með fyrstu útgáfu grænna skuldabréfa hér á landi og hefur verið leiðandi ráðgjafi á markaði með grænar skuldabréfaútgáfur.

Þá var félagið fyrst innlendra fyrirtækja til að gerast aðili að Climate Bonds Initiative (CBI), alþjóðlegra samtaka sem vinna að því að virkja skuldabréfamarkaði í þágu umhverfismála á heimsvísu.

## 2.2 Ábyrgar fjárfestingar

Eignastýringasvið Fossa hefur innleitt verklag um ábyrgar fjárfestingar í sinni starfsemi. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að tekið sé mið af umhverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum (UFS) við fjárfestingaákvörðanir og munu þær áherslur eiga við í öllu fjárfestingaferli eignastýringarinnar.

Til að ná markmiðum um ábyrgar fjárfestingar mun eignastýring Fossa leitast eftir því að fylgja eftir sex meginreglum UN PRI:

1. Við munum taka mið af umhverfislegum og félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvörðunartöku.
2. Við ætlum að vera virkur eigandi sem tekur tillit til UFS bæði í eigendastefnum og í verki.
3. Við munum kalla eftir viðeigandi upplýsingagjöf um UFS frá aðilum sem við fjárfestum í.
4. Við munum beita okkur fyrir viðurkenningu á og innleiðingu þessara meginreglna í fjárfestingarstarfsemi.
5. Við munum vinna saman að því að efla árangur við innleiðingu meginreglnanna.
6. Við skilum skýrslum um starfsemi okkar og upplýsum um árangur við innleiðingu meginreglnanna.

Fossar leitast eftir því að velja samstarfsaðila sem hafa sýnt framúrskarandi árangur á sviði sjálfbærnimála á heimsvísu.

Aðild að samtökum UN PRI felur í sér að eignastýring Fossa skilar gagnsæisskýrslu til samtakanna og upplýsir hvernig staðið er að ábyrgum fjárfestingum innan starfseminnar.

## 2.3 Aðrir þættir í starfseminni

Fossar hafa frá stofnun lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

### Takk dagurinn

Takk dagurinn hefur verið haldinn á hverju ári síðan 2015. Þann dag renna allar þóknatekjur Fossa til góðs málefnis sem starfsmenn velja hverju sinni. Að auki fella Kauphöllin, Nasdaq Iceland, og Tplús niður öll gjöld af viðskiptum Fossa og láta renna til söfnunarinnar og auglýsingastofan Tvist gefur vinnu sem tengist deginum.

### Húsnæði og staðsetning

Starfsemi Fossa fer fram í tveimur húsakynnum í miðbæ Reykjavíkur, á Fríkirkjuvegi og Skálholtsstíg. Báðar byggingarnar eru frá árinu 1903 en hafa verið gerðar upp og öðlast nýtt líf. Reykjavíkurborg veitti Fossum viðurkenningu árið 2018 fyrir endurbætur á Fríkirkjuvegi.

Hleðslustöðvar eru aðgengilegar á báðum lóðum og starfsfólki gefst færi á að hlaða bifreiðar sínar yfir daginn. Vegna staðsetningar eru flestir staðir í göngufjarlægð og því kostnaður vegna aksturs í lágmarki. Félagið leggur mikið upp úr því að beina viðskiptum sínum í nærumhverfið og styðja við rekstur fyrirtækja í miðbænum.

## 3. Rekstur Fossa markaða

Við setjum okkur mælanleg markmið í rekstri félagsins til að geta fylgt eftir sjálfbærnistefnu. Við mælingu á árangri verður stuðst við UFS leiðbeiningar Nasdaq. Þar verður lögð áhersla á að velja viðmið sem eru viðeigandi fyrir reksturinn og þá þætti sem félagið getur haft mest áhrif á.

Fossar munu mæla árangur og upplýsa um framvindu stefnunnar, fyrst fyrir starfsárið 2021, þá verður horft til eftirfarandi þriggja grunnþátta:

### 3.1 Umhverfisþættir

Fossar leggja sig fram við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í rekstri sínum. Við setjum mælanleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í okkar starfsemi.

Við munum greina kolefnisspor okkar árlega með því að mæla beina og óbeina losun frá rekstri félagsins. Hér er átt við losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu og á vinnutíma, ferðlög með flugi, losun úrgangs, vatns- og

orkunotkunar ásamt fleiri þáttum.

### 3.2 Félagslegir þættir

Fossar eru hluti af samfélaginu og við viljum hafa jákvæð áhrif á það.

Fossar eru eftirsóttur vinnustaður og skapar starfsfólki sínu heilbrigðan, öruggan og uppbyggilegan starfsvettvang. Starfsfólk Fossa hefur jöfn tækifæri og hverskonar mismunur er ekki liðin.

Við munum mæla og fylgjast með þáttum sem falla undir félagslega þætti, til dæmis launajafnrétti, heilsu og aðbúnað starfsmanna.

### 3.3 Stjórnarhættir

Markmið stjórnenda Fossa er að starfsemi félagsins fari ávallt fram í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á fjármálamarkaði með hagsmuni viðskiptavina félagsins að leiðarljósi.

Fossar leggja áherslu á góða stjórnarhætti og fylgja leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stefnur sem styðja við stjórnarhætti félagsins:

Stjórnarháttaryfirlýsing

Stefna um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

### 4. Upplýsingagjöf og endurskoðun stefnu

Fossar munu birta árangur sinn á hverju ári til að auka gegnsæi gagnvart öllum haghöfum. Skýrsla verður unnin samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq.

Sjálfbærnistefna þessi mun vera tekin til skoðunar eftir því sem tilefni er til, þó eigi sjaldnar en árlega.

Forstjóri ber ábyrgð á endurskoðun stefnunnar og að sjá til þess að starfsfólk sé upplýst um stefnuna.

Reykjavík, 1. nóvember 2021

Samþykkt af stjórn Fossa